

Fundargerð

296. fundur stjórnar Úrvinnslusjóðs (fjarfundur)

Miðvikudaginn 25. nóvember 2020 kl. 9⁰⁰–10³⁵.

Mætt: Laufey Helga Guðmundsdóttir (LHG), formaður Ólafur Kjartansson (ÓK), framkv.stj.
Benedikt S. Benediktsson (BSB) Guðlaugur Sverrisson (GS), fundarritari.
Bryndís Gunnlaugsdóttir Holm (BGH)
Hildur Hauksdóttir (HH)
Hlíðar Þór Hreinsson (HÞH)
Lárus M.K. Ólafsson (LÓ)
Eygerður Margrétardóttir (EM)

1. Fundargerð síðasta fundar.

Samþykkt með fyrirvara, án áritunar. HH óskaði eftir að fá stuttan frest til að lesa yfir og koma með athugasemdir ef þurfa þykir.

2. Tekjur Úrvinnslusjóðs.

Lagður fram á fundinum tölvupóstur frá umhverfis- og auðlindaráðuneyti frá 11. nóvember 2020. Þar kom fram að starfsmaður UAR hafi verið í óformlegum viðræðum við ESA um málefni Úrvinnslusjóðs og hvort það kerfi samræmist kröfum evrópuregluverksins um framleiðendaábyrgð. Svar ESA var nú í haust á þá leið að ekki væri enn búið að gefa út leiðbeiningar í tengslum við lágmarkskröfur framleiðendaábyrgðar.

Stjórn óska eftir að fá öll gögn sem farið hafa á milli ESA og UAR vegna þessa máls.

3. Veifarféri.

Stjórn ræddi veifarférasamninginn og næstu skref með hliðsjón af minnisblaði um veifarférasamninginn, sem lagt var fram á fundinum. Þar sem núverandi samningur getur ekki staðið óbreyttur eru tveir möguleikar í stöðunni. Annars vegar að gera nýjan samning eða hefja álagningu úrvinnslugjalds á veifarféri.

HH lagði fram eftirfarandi tillögu: „Það er vilji Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi að endurskoða veifarférasamninginn vegna aukinna krafna um framleiðendaábyrgð á veifarferum. SFS leggja til við stjórn Úrvinnslusjóðs, að unnið verði að því í samstarfi samtakanna og starfsmanna sjóðsins, að gera drög að nýjum samningi, þar sem mið yrði tekið af fyrirhuguðum breytingum á löggjöf og leyst yrði úr þeim álitamáli sem komið hafa upp við framkvæmd þess samnings

sem nú er í gildi.“ HH leggur til að farið verði í endurskoðun samningsins með starfsmönnum sjóðsins.

Stjórn samþykkir að SFS kortleggi hvernig nýr veiðafærasamningur geti litið út og hvort grundvöllur samnings sé fyrir hendi. Ákveðið að tillögur SFS verði teknar fyrir á stjórnarfundum í janúar 2021.

4. Úrvinnslusjóður.

Lögð var fram á fundinum yfirlýsing stjórnar er varðar úrvinnslu plastumbúða. Stjórn ræddi yfirlýsinguna. Stjórnarmenn munu afgreiða málið milli funda. Tillaga var gerð um að setja spurt og svarað skjal á vef sjóðsins, sem lagt var fram á fundinum. Stjórn ræddi skjalið. Stjórn lítur svo á að skjalið eigi að vera lifandi á vef sjóðsins og taki breytingum eftir því sem upplýsingum vindur fram.

Stjórn samþykkir að setja skjalið á vef Úrvinnslusjóðs.

Ákveðið var á síðasta fundi að fjalla um skýrslu Interpol, Strategic Analysis Report; Emerging criminal trends in the global plastic waste market since January 2018, ágúst 2020, með það fyrir augum að greina atriði sem kunna að skapa hættur í starfsemi Úrvinnslusjóðs. GS gerði grein fyrir stuttu minnisblaði, sem lagt var fram á fundinum, sem hann tók saman um skýrsluna.

5. Raftæki.

Farið yfir að á síðasta fundi var greint frá því að þjónustuaðili hafi tilkynnt sjóðnum um að komnar séu upp nýjar aðstæður við ráðstöfun kælitækja. Þeir hafa verið að skoða möguleika á auknum útflutningi. Tillögur hafa borist frá þjónustuaðila um útflutning og voru þær lagðar fram á fundinum. Umræðu frestað.

6. Skýrslugjöf.

LHG leggur til að skrifstofunni verði falið að útbúa starfsemiskýrslur fyrir árin 2017, 2018 og 2019. Þ.e. skýrslur sem innihalda allar venjulegar upplýsingar og ársskýrsla myndi innihalda án hins formlega ársreiknings. Stjórnarmenn ræddu útfærslu á slíkum upplýsingum. Lögð var áhersla á að slíkar upplýsingar yrði á vefnum. Teknar verði saman tillögur að upplýsingum sem stjórn getur kynnt sér og komið að athugasemdum á næsta fundi.

7. Önnur mál.

Engin.

Næsti fundur 16. desember 2020 kl. 9:00

Fundi slitið kl. 10.35